



Hjartans þakkir fyrir stuðninginn

Þórdís Kolbrún

WWW.THORDISKOLBRUN.IS



Fyrsti kvenkokkurinn

Erla Ívarsdóttir á Geirlandi á Síðu

Ég ætlaði mér aldrei að verða kokkur, ég ætlaði að verða hjúkrunarfræðingur. En ég var svo bakveik að ég fékk ekki læknisvottorð til að komast inn í Hjúkrunarskólann. En ég fór samt suður um tvítugt og leigði mér herbergi. Ég fór að vinna á Naustinu og þar voru stúlkur sem höfðu byrjað að læra kokkinn en þær höfðu allar hætt af sömu ástæðu, þær urðu ófrískar.

— sjá bls. 6–8



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 8. september 2016 · 33. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Benni Sig með brekkusöng á Bláberjadögum í Súðavík. Mynd: Pétur Markan.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



Geymist við 0-4°C

með roastbeef



Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati




Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Metþátttaka og brautarmet í þríþraut Craft

Þríþraut Craft fór fram á Ísafirði á laugardag. Mikill mannfjöldi atti þar kappi við úrvals aðstæður og gekk glimrandi vel að sögn Kristbjörns Sigurjónssonar hjá Craftsport á Ísafirði sem stóð fyrir keppninni. Metþátttaka var bæði í einstaklings- og liðakeppninni en vinsældir þríþrautarinnar hafa verið að



Sigurður Sveinn Nikulás-son, sem setti brautarmet og Hólmfríður Vala Svavarsdóttir sigurvegari í kvenna-flokki 30-49 ára. Mynd: Hrafn Snorrason/Þríþraut Craft.



Keppendur voru sælir og glaðir að keppni lokinni. Mynd: Hrafn Snorrason/Þríþraut Craft.

aukast undanfarin ár. Þríþraut Craft samanstóð af 700m sundi í Bolungarvík, 17 km hjóleiðum í gegnum Bolungarvíkurgöng og 7 km hlaupi á Ísafirði. Það var Sigurður Sveinn Nikulás-son frá þríþrautafélagi Kópavogs, sem kom fyrstur í mark á tímanum 01:03:58 og setti hann jafnframt brautarmet, hann keppti í flokki karla 30–49 ára. Í sama aldurs-flokki kvenna sigraði Hólmfríður Vala Svavarsdóttir á tímanum

01:15:50.

Í flokki 29 ára og yngri sigruðu Albert Jónsson á tímanum 01:07:48 og Inga María Hansen á tímanum 01:21:42. Í flokki 50+ sigraði Trausti Valdimarsson á tímanum 01:07:18. Í liðakeppni sigruðu Víkaragenin á tímanum 01:06:04, þar var það Katrín Pálsdóttir sem synti, Sigurður Hansen sem hjólaði og Guðbjörg Rós Sigurðardóttir sem hljóp.

annska@bb.is

Frumkvöðlasetur í Ráðhúsinu



Þorsteinn Másson, starfsmaður Arnarlax í Bolungarvík, Anna S. Jörundsdóttir, einn frumkvöðla Dropa, og Jón Páll Hreinnsson, bæjarstjóri

Boðið verður upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla og námsfólk á efri hæð Ráðhúss Bolungarvíkur þar sem bæjarskrifstofur Bolungarvíkurkaupstaðar voru áður til húsa. Fram kemur í fundargerð bæjarráðs frá 23. ágúst að ráðið hefur falið Jóni Páli Hreinssyni, bæjarstjóra, að vinna að máli frumkvöðlasets í Bolungarvík.

Eldisfyrirtækið Arnarlax hf. leigir þegar skrifstofu á hæðinni fyrir starfsmann sem fyrirtækið

réð til starfa í Bolungarvík og netsamband og kaffiaðstaða í frumkvöðlasetrinu er í boði félagsins.

Frumkvöðlafyrirtækið True Westfjords ehf. sem framleiðir þorskalýsi undir vörumerkinu Dropi leigir einnig skrifstofuaðstöðu og þá hefur námsfólk einnig leigt sér aðstöðu á hæðinni.

Jón Páll Hreinnsson, bæjarstjóri, segir um þessa nýbreytni í Bolungarvík: „Ég hef orðið var við áhuga frumkvöðla á að fá aðstöðu til að vinna að nýsköpunarverkefnum og til að bregðast við þeim áhuga hef ég haft samband við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og óskað eftir samstarfi um hugsanlegt frumkvöðlasetur í Bolungarvík. Framkvæmdastjóri þess hefur tekið vel í framtakið og vill bjóða þeim frumkvöðlum sem hugsanlega sækjast eftir að koma í frumkvöðlasetrið ráðgjafatíma hjá ráðgjöfum AtVest,“ segir Jón Páll Hreinnsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur um þessa nýbreytni.

Fjöldmörg áhugaverð nýsköpunarverkefni eru nú þegar í Bolungarvík og með tilkomu frumkvöðlasets er komin vettvangur til að fjölga þeim enn frekar.

– Sjónarmið –

Finnbogi Hermannsson

Lýðræðið aldrei virkara en haustið 2016

Haldiði að það hafi ekki borist kosningasneplar í póstkassann hjá okkur í síðustu viku og ágúst ekki allur. Ég varð heldur glaður við að ungir frambjóðendur treystu ekki alveg á samfélagsmiðla heldur létu prenta litfagra bæklinga til að senda í húsinn. Mér datt í hug hvort þeir væru aðeins sendir í hús þar sem tölvusljó gamalmenn byggju, en svo reyndist ekki vera. Þetta fór í öll hús. En þetta voru allt frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, aðrir virtust ekki hreyfa hönd. Skildi svo að það var prófkjör hjá sjálfstæðisfólkinu og röið á bæði borð. Geðsleg stúlka á Ísafirði bað af hógværd um þriðja sætið, en hin tvö ætluðu sér stærri feng. Bæði hafa verið hlöðukálfar flokksins fyrir sunnan sem aðstoðarmenn ráðherra. Það er nefnilega aðferðin að sumir ráðherrar núverandi ríkisstjórnar raða í kringum sig aðstoðarfólki á fullu kaupi og eru þeir í eins konar þjálfunarbúðum. Þetta er það sem húmoristinn Matthías

Bjarnason kallaði flokksgerpi. Matti var ekki flokksgerpi, en mig minnir að hann hafi kallað Þorstein Pálsson flokksgerpi. Þarna átti Matthías við að fólk var annaðhvort komið í framboð af eigin styrk úr héraði ellegar uppálpningar og bitlingahjörð af flokkskrifstofunum fyrir sunnan.

Langveglegasti bæklingurinn var frá syni Einar Odds á Flateyri upp á fjórar síður. Þarna eru til dæmis myndir af drengnum kornungum við föðurkné á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og einnig ljósmynd þar sem hann er á rjúpnaveiðum í Öndarfirði með hundinn Trítill sér til fulltingis. Á forsíðuna er prentað stórum stöfum SÓKNARFÆRI TIL UPPBYGGINGAR. Verður manni þá litið til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn óslitið í 30 ár mínus fjögur ár eftir hrun. Á þessu tímabili hvarf nær allur kvóti frá Flateyri eins og dögg fyrir sólu og byggðin sat eftir með sárt ennið. Ekkert er í bæklingi drengsins um að hann vilji hrófla við fiskveiðikerfinu sem kemur í

veg fyrir að sóknarfærin skapist í fiskipörpum landsins og menn geti rottað sig saman og keypt bát. Einmitt þessa dagana eru kvótagreifarnir að borga út arðinn sem skiptir milljörðum og sala lúxusbíla tekur stóran kipp skv. blöðunum.

Þeir Einarssynir reyndu að blása lífi í UPPBYGGINGUNA á Flateyri og var virðingarvert, en gekk auðvitað afar illa hjá kvótalausum fólki. Litill ságreifi hafði séð um þetta og var farinn. Þetta eru staðreyndir málsins. Því er allt tal um sóknarfæri og uppbyggingu hjóm eitt.

Færeyingar ákváðu að setja fiskveiðiheimildir á uppboð og virtist frekar illa undirbúið. En þeir eru að reyna að ná einhverri sátt um auðlindina. Hér heima voru leigupennar virkjaðir sama daginn til að lýsa þeim hörmungum sem dyndu yfir þjóðina væri hróflað við kerfinu. Þar fór Morgunblaðið fremst í flokki með ritstjóra sinn og forsetaframbjóðanda Davíð Oddsson. Útgerðarmenn reka blaðið að stórum hluta og borga rekstrarhallann ár hvert. Það finnst þeim

skoplíttill fórnarkostnaður.

Flateyringurinn náði þriðja sæti en vildi fyrsta náttúrulega.

Stúlka sunnan af Akranesi vill komast í annað sætið á lista Sjálfstæðisflokksins. Hún sendi frá sér hálfan A4 og talar um sterka innviði og öflugt atvinnulíf. Einstaklingarnir sjálfir skapi verðmætin. ÆÆ.

Hún náði öðru sætinu.

Í þriðja lagi vill stúlka á Ísafirði fá sæti og vill þriðja sætið. Hún boðar öryggi og frelsi og jöfn tækifæri. Hvergi minnst á kvótakerfið alræmda. Fjórdi sæti varð hennar hlutskipti.

Þingmaðurinn Haraldur sem enga bæklinga sendi í húsinn varð í fyrsta sæti í prófkjörinu og settist í öndvegi Einar Kristins Guðfinnssonar.

Þá vitum við nokkuð um afstöðu frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Nú er að vita hvort einhver býður betur af þeim fjölda flokka sem verða í framboði. Þáratar vilja byltingu og gagnsæi fyrir öllu. Framsóknarflokkurinn er ekki lengur opinn í báða enda, heldur stækur kvótaflokkur. Vinstri-

græn malda í móinn og vilja hærri aflagjöld af auðlindinni. Samfylking er á svipuðu róli og Viðreisn vill markaðsforsendur á allt klabbíð.

Þessi skrif hafa líklega ekki mikið skemmtigildi, en það vill svo til að líf okkar og framtíð á þessu fallega horni sem heitir Vestfirðir eiga nær allt undir því að menn fái að fiska, en sé ekki skammtaður skitur úr hnefa. Húskofar okkar eru lítills virði, almannaþjónusta drabbast niður vegna fámennis og allt eftir þessu. Við erum orðin svo langbarinn og viljalaus að byltingu þarf til að snúa þessu við. Er ekki lýðræðið virkt 365 daga á ári spurði Karvel heitinn Pálmason fyrir haustkosningarnar 1979. Og það virðist vera enn virkara haustið 2016 þar sem þjóðin heitnaði þessar kosningar. Kosningabaráttan að komast á fullt blúss og spyrjum svo að leikslökum.

Rekið saman í Hnífsdal í öndverðum september 2016
Finnbogi Hermannsson

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498

kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn

ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT

Ali



598

kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur

GOTT VERÐ Í BÓNUS

ÍSLENSKT BEIKON



1.598

kr. kg

Meira kjöt
Minni fita

Stjörnugrís Beikon
Meira kjöt - Minni fita

100%
Íslenskt
ungnautakjöt



1.698

kr. kg

200kr
verðlækkun pr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg



259

kr. pk.

Best fyrir
20. október

Santa Maria Tortilla
Herb & Garlic, 6 stk.

ÍSLENSKT PEPPERONI



395

kr. pk.

Stjörnugrís Pepperoni
180 g



398

kr. 220 g

Danskt Salami
220 g



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT



1.398

kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað, sérskorið



298

kr. 1 l

Bónus Sorbet Ís
1 lítri, 2 teg.

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **11. september** eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Lífróður

Splunkunýr framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi tjáir sig við Viðskiptablaðið í vikunni og telur það áhyggjuefni að „þessi atvinnuvegur (altsvo sjávarútvegur) þurfi í raun að berjast lífróðri fyrir tilveru sinni á fjögurra ára fresti, jafnvel skemur, vegna afskipta stjórnmalamanna“. Ekki er ljóst hvernig framkvæmdastjórinn skilgreinir lífróður en í ágúst í fyrra bárust fréttir af 22 þúsund milljóna hagnaði þriggja stærstu fyrirtækja í þessari ágætu atvinnugrein árið 2014 og sem dæmi má taka þá hagnaðist Samherji um 11,9 þúsund milljónir á árinu 2015.

Það hefur líka komið í ljós að álfyrirtæki landsins róa lífróður, enginn hagnaður, engir skattar en á silfurfati var þeim rétt margar náttúruþerlurnar. Það virðist vera að íslenskir stjórnmalamenn sem sömdu við þessi stórfyrirtæki hafi í barnaskap sínum ekki séð við þeim leik þeirra að komast hjá skattgreiðslum með óhóflegum lánveitingum frá móðurfélagi til dótturfélags og þar með óhóflegum vaxtagreiðslum til móðurfélags.

Það eru ekki allir sem átta sig á því að þeir einu sem róa lífróður er unga fólkið okkar með börnin og námið, eldri borgarar sem komu illa nestaðir á fullorðinsár og öryrkjar sem haldið er við fátæktarmörk. Sjúkir veigra sér við að leita hjálpar og börn með geðraskanir bíða eftir þjónustu, jafnvel árum saman. Við sem búum þetta fallega en harðbýla land þurfum öll að leggja af mörkum. Ekki til að hlaða undir þá sem nóg hafa, heldur til að létta líf okkar allra. Hlustum vel á stjórnmalamenn sem vilja vinna fyrir okkur, veljum þá sem ætla að bæta líf skjör okkar allra.

Jón Steinsson hagfræðingur setti eftirfarandi færslu á facebook-síðu sína.

„Ég er oft hugsi yfir öllu því hæfileikaríka fólki sem ver dýrmætum tíma sínum á þessari jörð í það að verja sérhagsmuni auðjöfra (og í sumum tilfellum erlendra stórfyrirtækja) á kostnað íslensks almennings. Jú, jú, þessi iðja borgar vísast vel. En er það virkilega þess virði?“

BS

Spurning vikunnar

Hefur þú eða einhver sem þú þekkir ekið á kind á þjóðvegi?

Alls svöruðu 271.
 Já, sögðu 186 eða 69%
 Nei, sögðu 85 eða 91%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Aðalfundurinn var haldinn í Holti.

Styðja jafnlaunavottun og hafna ofurbónusum

Samband vestfirskra kvenfélaga hélt aðalfund í Holti í Öndarfirði á laugardaginn. Í ályktun fundarins eru fyrirtæki hvött til að sækja um jafnlaunavottun. Jafnlaunavottun er leið fyrir atvinnurekendur til að uppfylla kröfur jafnlaunastaðals Staðlaráðs Íslands. Vottunin er tæki fyrir fyrirtæki og stofnanir til að meta stöðu kynjanna með viðurkenndri aðferðafræði og samræmdum viðmiðum. Ferlið gefur atvinnurekendum jafnframt tækifæri til að leiðrétta kynbundinn launamun, ef slíkur munur er til staðar.

Á aðalfundinum var Dagný Finnbjörnsdóttir úr kvenfélaginu Hvöt í Hnífsdal kosin formaður sambandsins. Hún tekur við af Guðlaugu Elíasdóttur úr kvenfélaginu Brautinni í Bolungarvík.

Aðalfundurinn hvetur konur til að nýta kosningarétt sinn og taka virkan þátt í stjórnmalastarfi.

„Síðasta ár var haldið upp á 100 ára kosningaréttar afmæli kvenna á Íslandi. Enn í dag eru ekki allar konur í heiminum með kosningarétt né fá að nýta kosningarétt sinn. Við hvetjum því allar ömmur og mömmur til

að fræða afkomendur sína um þau sjálfsögðu réttindi sem það er að hafa kosningarétt og mæta á kjörstaði og nýta réttindi sín,“ segir í ályktun fundarins.

Þá hafnar Samband vestfirskra kvenna alfarið áformum fjármálastofnana að greiða ofurbónusa til útvaldra starfsmanna. „Láti fjármálastofnanir af þessu verða þá hvetjum við almenn- ing og fyrirtæki til að hætta viðskiptum við þær stofnanir. Það er algjörlega óásættanlegt að þjónustugjöld er hækkuð á sama tíma og greiða á út ofur bókusgreiðslur.“



Hugmyndasamkeppni um Sundhöllina farin af stað

Ísafjarðarbær hefur auglýst formlega hugmyndasamkeppni um aukna og bætta íþrótt- og baðaðstöðu við Sundhöll Ísa- fjarðar. Í keppninni, sem framkvæmd er í samstarfi við Arkitektafélag Íslands er leitað eftir snjöllum hugmyndum sem leysa á viðfangsefnið á heildstæðan hátt með góðu fyrirkomulagi og vandaðri byggingarlist til samræmis við núverandi byggingu sem hönnuð er af Guðjóni Samúelssyni. Í tilkynningu segir að sérstök áhersla verði lögð á aðlaðandi lausn á aðkomu og

aðgengi fyrir alla innanhúss og utan, með samgönguleiðum sem virki vel fyrir mannvirkið í heild. Einnig verði lögð áhersla á vandaða hönnun baðastöðu utandyrja, þar sem notið verði sólar og skjóls í heitum pottum og í nærumhverfi þeirra.

Keppnislýsingar og samkeppnisgögn voru birt í gær. Tvö fyrirsurnartímabil eru í samkeppninni og lýkur því fyrra 29. september 2016 en því síðara 3. nóvember 2016. Skilafrestur tillagna er 8. desember 2016, milli kl. 15:00 og 17:00 á skrif-

stofu Arkitektafélags Íslands.

Heildarfjárhæð verðlauna verður allt að sex milljónum. Veitt verða þrenn verðlaun, 1., 2. og 3. verðlaun og verða 1. verðlaun ekki lægri en kr. 2.500.000 án virðisaukaskatts. Auk verðlaunaðra tillagna er dómnefnd heimilt að veita tveimur tillögum viðurkenningu með innkaupum upp á eina milljón.

Nánari upplýsingar um keppni- na er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar

annska@bb.is



Allt fyrir reksturinn hjá N1

Líttu við á þjónustustöð N1 á Ísafirði. Mikið úrval af ýmiss konar rekstrarvörum og hreinlætisvörum af öllum toga. Hreinsiefni, áhöld, hlífðarbúnaður, einnota vörur og margt fleira.



Tork servíettur

Servíettur í box 1F N4/12.
Stærð 21,3x33 cm, 9000 stk.



Tork andlitsþurrkur

Hvítar og mjúkar Tork Premium þurrkur, tveggja laga.



Tork box fyrir froðusápu

Tork sápubox fyrir S4 áfyllingar.



Tork handfroðusápa

Mild Tork S4 Premium froðusápa, 1 lítri.



Tuppix handþvottakrem

Kornakrem sem hreinsar öll óhreinindi án þess að valda þurrk eða kláða, 200 ml.



Einnota hanskar

Mjög teygjanlegir og góðir nitril hanskar. Koma í bláu í stærðum XS - XL.



Hárský

100 stk. í pakka. Ein stærð í hvítu, bláu, grænu, rauðu og gulu.



Tork klósettpappír

Tork Premium WC hvítur þriggja laga pappír. 6 rúllur í pakka.



Tork klósettpappír

Tork Advanced T6 hvítur tveggja laga pappír.



S-1 Extra hreinsiefni

Kröftugt alhliða hreinsiefni, 10 lítrar.



Heimilispakki

Allt fyrir kaffistofuna. Latex hanskar, klútar, uppþvottalögur, bursti og hanskar.

Gólfþvottur • Handsápur • Þvottaduft • Uppþvottaefni • Sótthreinsiefni • Pappírs og handsápu box
Rúðu og afþurrkunarvökvar • Þrifaáhöld: burstar, sköfur, tuskur, sköft • Einnota hanskar
Hárnet • Einnota kaffimál • Einnota svuntur • Rafhlöður

Þjónustustöð N1 Ísafirði

Hafnarstræti 21

Tengiliður: Gunnar Sigurðsson, sími 456 3574

www.n1.is

Hluti af starfseminni



Fyrsti kvenkokkurinn

Erla Ívarsdóttir á Geirlandi á Síðu

Erla er alltaf önnunum kafin í eldhúsinu en hún gaf sér þó tíma til að segja frá lífi sínu og starfi.

Vestfirðingurinn Erla Fanney Ívarsdóttir er fyrsta konan sem lærði til matreiðslumanns á Íslandi og hefur eldað mat alla starfsævina. Erla ólst upp á Rauðasandi, einum fegursta stað á Íslandi, og segist vestfirsk í allar ættir. Matseld og ferðapjónusta hefur verið ævistarf Erlu. Hún byrjaði smátt með gistingu í kjallaranum en rekur nú 40 herbergja hótél á Geirlandi á Síðu. Ég heimsótti hana á heimili hennar á Selfossi en þar hafa þau hjónin komið sér vel fyrir en eru þó með annan fótinn fyrir austan og hugann við rekstur hótelsins á Geirlandi alla daga ársins. Ég byrjaði á að spyrja Erlu um uppruna hennar og fjölskyldu.

Borin yfir Skersfjallið í þvottabala

Ég er fædd á Patreksfirði en ólst upp á Melanesi á Rauðasandi. Ég fæddist í mars 1944 en þá var prestlaust á Rauðasandi þannig að foreldrar mínir létu skíra mig í leiðinni. Síðan var farið með mig á bát yfir Patreksfjörðinn og þaðan fór mamma upp á hest en ég var sett í þvottabala og borin yfir Skersfjallið. Ég er sennilega eina manneskjan sem hefur farið þá leið með þeim ferðamáta.

Eins og ég sé þrjú hundruð ára

Foreldrar mínir voru þau Ingibjörg Júlíusdóttir og Ívar Halldórsson. Við vorum sex



Erla tekur á móti bikar fyrir góða ástundun á útskriftardaginn.

systkini og fjögur settust að á Vestfjörðum; Bragi tók við af foreldrum mínum á Melanesi og Reynir var bóndi á Móbergi á Rauðasandi. Bragi og Reynir eru nú báðir látnir. Ari bjó á Patreksfirði en er núna á Selfossi, Hörður var sjómaður í Reykjavík og býr þar en Rósa systir mín býr á Brjánslæk. Það var gott samfélag á Rauðasandi, mikil samkennd og allir hjálpuðust að. Það þætti sjálfsgætt tilbreytingalaust líf sem þarna var en mér leið vel og tók fullan þátt í öllu því sem fullorðna fólkið var að gera. Barnabörnunum finnst örugglega að ég sé þrjú hundruð ára þegar ég segi frá uppvextinum, það er allt svo breytt.

Patreksfjörður var mikil borg

Farið var í kaupstaðinn einu sinni á ári. Mestur spenningurinn var þegar komið var heim með epli og appelsínur fyrir jólin, ég man enn eftir lyktinni af þessu góðgæti. Ég man líka vel eftir fyrstu kaupstaðarferðinni. Ég var sex ára og þurfti að fara til læknis. Mér fannst þetta mikið ævintýri og mér þótti Patreksfjörður mikil borg.

Skautarnir voru einu keyptu leikföngin

Fólk var sjálfbjarga um flest, allt heimatilbúið, bæði matur og föt. Ég lærði marga af vinnunni heima og það var talið alveg sjálf-

sagt að maður tæki þátt í öllu. Nú væri þetta talin vinnubrællun, sem það var ekki neitt, mann langaði að taka þátt en ég fékk líka tíma til að leika mér. En ég átti ekki mikið af dóti eins og í dag. Lengi vel voru skautar einu keyptu leikföngin sem ég átti. Ég beið eftir svellinu á haustin til að fara út á skauta.

Það er ekki höfn á Rauðasandi svo fólk lifði af landbúnaði og svo var selveiði. Það var netalögn á vorin og þá voru selirnir drepnir með barefli ef þeir voru lifandi í netunum. Ég gerði það, eins og annað, en veit ekki hvort ég gæti það í dag. Það var mikil vinna að verka selskinninn og karlarnir sáu að mestu um það fyrir utan að konurnar þvoðu skinninn. Selurinn var fleginn, fitan skafin innan úr og skinninn síðan spýtt, en það orð merkir að strengja skinninn upp á hurðir eða fleka.

Var ekki nógu góð í bakinu til að læra hjúkrun svo ég lærði kokkinn!

Hvernig stóð á því að þú fórst að læra kokkinn?

Ég ætlaði mér aldrei að verða kokkur, ég ætlaði að verða hjúkrunarfræðingur. En ég var svo bakveik að ég fékk ekki læknisvottorð til að komast inn í Hjúkrunarskólann. En ég fór samt suður um tvítugt og leigði mér herbergi. Ég fór að vinna á Naustinu og þar voru stúlur sem höfðu byrjað að læra kokkinn



Erla og Gísli byrjuðu á því að leigja út herbergi í íbúðarhúsinu sem hér sést.

en þær höfðu allar hætt af sömu ástæðu, þær urðu ófrískar. Ég fór að grínast með þetta við Ib Wessmann og spurði hvort ég ætti ekki að læra kokkinn. Honum leist vel á það. Og það fór eins hjá mér og hinum að ég varð ófrísk! Ég tók mér ársfrí frá námi en hélt svo áfram og lauk námi 1970, fyrst íslenskra kvenna varð ég sveinn í matreiðslu og síðan eftir þrjú ár í vinnu undir stjórn meistara var ég orðin matreiðslumeistari.

Hvernig var námið á þessum tíma?

Samningstíminn var fjögur ár og þar af voru 3x fjórir mánuðir í skólanum sem þá hét Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands og var í sama húsnæði og Sjómannaskólinn.

Voru aðrar stelpur í náminu?

Það var engin með mér á Naustinu en það var ein að læra á Hressingarskólanum sem útskrifaðist stuttu á eftir.

Hvernig gekk þér í þessari karlagrein?

Mér gekk vel, fann ekkert fyrir því að vera eina konan. Kunni vel við mig með öllum strákunum. Mér finnst að mörgu leyti betra

að vinna með körlum. Ég er bara svona mikill strákur í mér.

Hvernig kom það til að þú fórst að reka þína eigin ferðaþjónustu?

Við, Gísli Kjartansson eiginn maður minn, keyptum jörðina Geirland sem er rétt hjá Kirkjubæjarklaustri og ætluðum að reka sauðfjárbú en við fengum ekki kvóta. Ég vann í mótuneyti Kirkjubæjarskóla á veturina en vantaði vinnu á sumrin. Það voru fjögur herbergi í kjallaranum á húsinu okkar á Geirlandi og mér datt í hug að leigja þau út og þar með fór boltinn að rúlla. Núna er þetta 40 herbergja hótél og lengi sáum við Gísli um allt sjálf. Dótturdóttir mín, Rakel Pálmadóttir og hennar maður Ágúst Leó Sveinsson vinna með okkur í dag. Ágúst er hótélstjórinn svo við getum meira brugðið okkur af bæ en áður var.

Áttu ráð til þeirra sem eru að byrja í ferðaþjónustu í dag?

Mikilvægast er að hafa gaman af öðru fólki og mikla þjónustulund. Hafa öll leyfi í lagi og hreinlæti verður að vera mjög gott. Gestgjafinn verður að vera



Öll húsin voru byggð sem heilsárshús og kemur það sér vel núna þegar ferðamenn koma allan ársins hring.

reiðubúinn að taka á móti fólki í hvernig ástandi sem það er og taka öllu með brosi á vör. Það þarf að gefa sér tíma til að segja frá umhverfinu og leiðbeina fólki um það sem hægt er að skoða

og gera. Maður öðlast mestu reynsluna í ferðaþjónustu af því að spjalla við gestina. Ég lærði mikið af svissneskum hjónum sem voru hjá mér fyrir nokkrum árum. Þau sögðu við mig: „Gerðu þið Íslendingar ykkur grein fyrir því hvað þið hafið það gott.“ Mér varð orða vant. „Við erum búin að vera fimm daga á Íslandi og erum þegar úthvöld. Það er svo slakandi að geta sest niður með kaffibrúsa úti í náttúrunni og sjá engan. Þetta er mesta hvíldin fyrir okkur.“ Ég þakkaði honum mikið vel fyrir, ég hafði aldrei hugsað um þessi lífsgæði á þennan hátt.

Náttúrufegurðin er það sem heillar

Fólk er uppnumið af fegurðinni og kyrrðinni. Ég man eftir konum sem sögðust vilja fara í Landmannalaugar, hvað sem það

sem er á Barðaströndinni t.d. Ódrjúgshálsinn og Klettshálsinn sem eru algjörlega ótrúlegir. Þar verða flutningabílar að fara um allan ársins hring en ég sé ekki að ferðamenn geti ferðast á þessum slóðum að vetri til fyrr en vegirnir eru orðnir betri. Einkaaðilar hafa séð um uppbyggingu í ferðaþjónustu eins og gistingu, afþreyingu, veitingar, leiðsögn og fleira en ríkið verður að sjá um ákveðna þætti og þar eru vegamálín mikilvægust. Það verður að hugsa út frá hagsmunum ferðamanna.

Umgengni við landið verður líka að vera í lagi. Ég held að við getum fengið ferðamenn til að fylgja reglum ef þær eru alveg skýrar og sýnilegar. Til dæmis væri gott að hafa reglur um bann við utanvegaakstri í hverjum bílaleigubíl. Sömuleiðis ættu ferðamenn að fá þær leiðbein-

kostaði. Það var þungbúið veður og lítið spennandi að fara en þær gáfu sig ekki. Við Gísli ákváðum að fara með þær. Ég skellti nokkrum samlokum í box og við fórum af stað. Þegar við komum upp úr Skaftártungu var sól og dásamlegt veður að fjallabaki. Þetta var mikil upplifun fyrir konurnar og okkur öll og þær sögðu að þessi dagur yrði þeim algjörlega ógleymanlegur.

Hvað myndir þú gera ef þú værir ráðherra ferðamála?

Ráðherra verður að vera í góðu sambandi við það fólk sem hefur þekkingu og reynslu af ferðamálum á hverjum stað. Það verður að vinna út frá þeirri reynslu og staðreyndum og það verður að vinnast af heilindum, ekki eftir pólitísku poti. Til dæmis þarf að taka einbreiðar brýr hvar sem þær eru á landinu. Það er enn einbreið, 50 ára gömul brú á Sólheimasandi þar sem er mjög mikil umferð allt árið á þjóðvegi eitt. Vegirnir á Suðurlandi eru samt hátíð á móts við það

ingar að gista á tjaldstæðum en ekki vera hvar sem er. Það er sök sér með húsbílana og hjólhýsin sem eru með salerni en alveg ótækt að smærri bílar eða tjöld séu hér og þar og engin salernisadstaða. Það er líka ábyrgðarhluti að segja ferðamönnum rangt til eins og hefur gerst þar sem þeim var sagt að hver og einn mætti veiða sér til matar. Veiðiverðir í dýrum veiðiám voru fljótir að láta vita af þessu og þær bíla-leigur sem voru að þessu fengu skömm í hattinn. En það er líka einföldun og rangt að það séu bara útlendingar sem fylgi ekki reglum eða eigi allt rusl með vegum landsins, þar mættu Íslendingar líka bæta sig.

Örfáir leitarmenn í Laka

Það er búið að gera heilmikið til að vernda náttúruna og leiðsegja ferðamönnum. Ég veit ekki hvar við stæðum fyrir austan ef við hefðum ekki fengið Vatnajökulsþjóðgarð til að vernda Laka, Eldgjá og Langasjó. Á þessum stöðum er



Ferðaþjónusta er vinna og viðvera allt árið, allan sólarhringinn.



Myndir teknar á útskriftardaginn: Nemar af Naustinu sem útskrifuðust með Erlu: Haraldur Sigurðsson þjónn, Bernhard Hjaltalín matreiðslumaður, Ib Wessmann matreiðslumeistari, Geir Zoéga forstjóri Naustsins, Erlendur Hauksson og Ragnar Wessmann, báðir matreiðslumenn.



Mynd af þeim sem útskrifuðust með Erlu úr Þjóna og matsveinaskólanum. Kokkarnir eru í hvítum búningun en þjónarnir í svörtum: Stúlkan í fremstu röð heitir Hafðís Gunnarsdóttir en hún útskrifaðist sem þjónn. Þær Erla og Hafðís voru einu stelpurnar að þessu sinni. Sigurður Gröndal yfirkennari og þjónn er á milli Hafðísar og Erlu og til hægri við Erlu er Tryggvi Þorfinnsson, kokkur og skólastjóri.

búið að lagfæra og græða upp margt og byggja heilmikið sem allt er til fyrirmyndar. Hraunið og mosinn væri allur útsparkaður ef ekki hefðu verið byggðir upp göngustígar og útsýnispallar. Ég held að þetta sé bráðnaðsynlegt og mikið verk eftir ónnið. Það er ekki hægt að hafa hlutina eins og þeir voru fyrir þrjátíu árum þegar fóru nokkrir leitarmenn á hestum upp til fjalla á haustin og örfáir jeppar yfir sumarið. Núna fara þúsundir manna upp í Laka á hverju ári, gangandi, hjólandi, á litlum og stórum bílum eða með rútum.

Samvinna samkeppnisaðila

Samvinna um ferðamál í Skaftárhreppi hefur verið til

fyrirmyndar á mörgum sviðum. Þetta byrjaði með námskeiði upp úr 1990 um mikilvægi þess að vinna saman að uppbyggingu Skaftárhrepps sem ferðamannastaðar stuttu eftir að fimm hreppar sameinuðust. Fljótlega eftir það var stofnað Ferðamálafélag Skaftárhrepps sem starfaði mjög ötullega í mörg ár, allt í sjálfböðavinnu. Markmiðið var fyrst og fremst að kynna okkar svæði og auka samvinnu okkar á milli. Reynt var að vinna faglega að móttöku gesta og upplýsa þá um það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Seinna vann félagið að stofnun Friðar og Frumkrafta sem eru samtök fyrirtækja á svæðinu og ráðinn var starfsmaður til

að vinna að kynningarmálum og öðrum málefnum sem varða ferðaþjónustu. Við störfuðum líka náið með ferðamálasamtökum á Suðurlandi.

Af hverju finnst þér samvinna samkeppnisaðila góð?

Ég er viss um að við stæðum ekki eins og vel og við stöndum í dag ef við hefðum ekki unnið saman að hlutunum. Við höfum alltaf viljað nýta okkar fallega umhverfi en líka að vernda það.

Opið á aðfangadag og alla daga eitthvað að gerast

Það hefur svo rosalega mikið breyst á 20 til 30 árum. Umfang ferðaþjónustunnar hér á Suðurlandi er orðið allt annað og allt árið undir. Hefði einhver trú að

því þegar ég byrjaði að vinna í ferðaþjónustu að allir yrðu að hafa opið hótél á aðfangadagskvöld? Fyrir örfáum árum var aðeins opið á hótél Sögu á aðfangadagskvöld. Og nýjárónn er fyrir löngu orðin eftirsótt á hótélunum í Skaftárhreppi. Ég hef alltaf tekið á móti gestum allt árið, hvaða dag sem er, jól og páska ef því var að skipta.

Eitt sinn fékk ég gesti í gistingu á jóladag. Þeir spurðu hvort þeir gætu fengið keyptan kvöldmat, helst sama matinn og við borðuðum á jóladag og að sjálfsögðu fengu þau hangikjöt og uppstúf og voru lukkuleg með það. Daginn áður höfðu þeir gist á stað þar þeim var sagt að finna sér eitthvað í matvörubúðinni því þeir gætu ekki keypt kvöldmat! Ferðaþjónusta er þjónusta og það verður fólk að hafa í huga þegar það velur sér þessa starfsgrein. Þetta er vinna og viðvera allt árið, allan sólarhringinn. En maður verður líka að hafa fólk í vinnu sem maður getur treyst, það þarf svo lítið að klikka til að skaða orðsporið. Það þarf mikið til að byggja upp gott orðspor en lítið þarf til að skaða það.

Hvernig sérðu fyrir þér þróunina í ferðamálum?

Við verðum að taka höndum saman og ákveða hvað við ætlum að gera. Það eru ekki allir sammála. Sumir kvarta yfir fjöldanum í Reykjavík en er ekki fjöldi ferðamanna í öðrum borgum? Ég vil hafa komugjöld til að byggja upp og vernda ferðamannastaðina. Mér líst alls ekki vel á að borga inn á Keríð, Gullfoss, Geysi, Seljalandsfoss, Skógafoss, Fjaðrárglúfur og svo framvegis? Salernismál ætti að leysa með því að selja inn á snyrtingarnar með sjálfsala eins og maður finnur út um allan heim. Á veturna eru sjóppur lokaðar klukkan níu á Suðurlandinu en ferðamenn eru á ferðinni fram eftir nóttu. Það verður að leysa þessi mál og það hratt og vel. Ég hef ekki heyrt ferðamenn ræða mikið um það sem þeim finnst ekki nógu gott en síðustu ár hef ég

þó heyrt þá nefna fólksfjöldann en nú sem áður tala þeir fyrst og fremst um náttúrufergurðina á Íslandi.

Höfðu bara séð snjó og ís í fjöllum í fjarska

Ef við ræðum um vetrarferðamennsku að þá er vandinn fyrst og fremst vegamálin og færðin. Hálfkan veldur ferðamönnum vanda á Suðurlandi. Og í þessu máli verða bílaleigur að standa sig. Það á ekki að leigja út bíla á veturna á sumardekkjum. Fólk hefur komið hágrátandi af hræðslu til mín eftir að hafa keyrt í fljúgandi hálku. Einni fjölskyldu man ég eftir sem var búin að vera sex tíma frá Eyjafjöllum að Geirlandi sem er venjulega innan við tveggja tíma keyrsla. Bíllinn var á sléttum sumardekkjum. Fjölskyldan var frá Suður-Frakklandi og ekkert þeirra hafði séð snjó eða ís nema í fjöllum í fjarska. Þau þekktu ekki hálku. Þau ætluðu í Jökulsárlón en treystu sér alls ekki þangað. Þegar ég hafði samband við bílaleiguna sendu þeir bíl til Víkur á betri dekkjum. Bílaleigan baðst afsökunar en hvað dugir það ef það verður slys?

Ferðamennirnir sjálfir eiga erfitt með að gera kröfur eða að átta sig á hvenær þarf vetrardekk eða fjórhjóladrifinn bíl. Sumir ferðamenn hafa lítið keyrt áður og jafnvel eru dæmi um að einn úr hópnum sé sendur til að taka bílpróf og svo er lagt af stað um íslenska vegi á hvaða árstíma sem er. Í rauninni verður ótrúlega lítið af slysum á miðað við fjöldann og reynsluleysi margra bílstjóra. Ferðaskrifstofur, íslenskar sem erlendar, panta bíla fyrir ferðamenn og þær verða að geta treyst því að bílarnir séu vel útbúnir. Það verða allir að standa sig í þeirri keðju sem ferðaþjónusta er segir Erla og við höfum það lokaorðin og þökkum Erlu fyrir viðtalið og veitingarnar sem voru ekki af verri endanum; heitir ástarpungar og kaffi.

Lilja Magnúsdóttir



Góð sátt umhverfis og ferðaþjónustu er mikilvæg segir Erla Ívarsdóttir.

AFMÆLIS ÚTSALA



Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar **20-40%** afsláttur
- Pottaplöntur **20-50%** afsláttur
- Handverkfæri **20- 30%** afsláttur
- Gjafavara Blómaaval **20-50%** afsláttur
- Verkfæratöskur **20-50%** afsláttur
- Ljós **25%** afsláttur
- Kerti **20%** afsláttur
- Gæludýravörur **20%** afsláttur
- Stanley verkfæri **20%** afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri **25%** afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri **20%** afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri **20%** afsláttur
- Álstigar og -tröppur **20%** afsláttur
- Garðverkfæri **30%** afsláttur
- Ryksugur **20%** afsláttur
- Plastkassar **30%** afsláttur
- Garðálfar **50%** afsláttur
- Plastkörfur **25%** afsláttur
- Straubretti **25%** afsláttur
- Þvottasnúrur **25%** afsláttur
- Luktir **20%** afsláttur
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen **20%** afsláttur
- Nilfisk háþrýstidælur og ryksugur **20%** afsláttur
- Henrad miðstöðvarofnar **20%** afsláttur
- Stanley loftpressur **25%** afsláttur
- Málning **20%** afsláttur
- Vegg- og loftapiljur **20%** afsláttur
- Útiarinn **25%** afsláttur
- Örbylgjuofnar **20%** afsláttur
- Búsáhöld **25-30%** afsláttur
- Fatnaður **15-20%** afsláttur
- Reiðhjól **30%** afsláttur
- Valdar vörur á lækkuðu verði:
Frystikistur • Parket
Blöndunartæki • Vaskar.

... og margt fleira!

ERIKUR
VELJID SJÁLF
3 STK.

1.299
~~1.797~~

40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30%

BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.



Sportið í beinni...

fimmtudagur 8. september

19:00 BMW Championship

föstudagur 9. september

18:00 Demantamót í Brussel

18:30 Schalke - B. Munchen

19:00 BMW Championship

laugardagur 10. september

11:20 Man Utd - Man City

13:50 Stjarnan - Breiðablik

13:50 Arsenal - Southampton

13:55 Þór - Grindavík

13:55 Fulham - Birmingham

13:55 Real Madrid - Osasuna

16:00 BMW Championship

16:15 Stoke - Tottenham

16:20 Liverpool - Leicester City

16:25 Derby - Newcastle

16:30 Víkingur R. - Fjölnir

18:00 West Ham - Watford

18:25 Barcelona - Alavés

18:30 Burnley - Hull

19:00 Bournemouth - WBA

22:30 Middlesb. - Cr. Palace

02:00 Box: Cuadras/Gonzales

02:00 UFC 203: Miocic/Overeem

sunnudagur 11. september

13:25 W. Bremen - Augsburg

14:50 Swansea City - Chelsea

16:00 BMW Championship

16:30 FH - Breiðablik

19:30 Stjarnan - Valur

20:25 D. Cowboys - NY Giants

22:00 Pepsi-mörkin

mánudagur 12. september

18:50 Sunderland - Everton

21:00 Messan

þriðjudagur 13. september

18:15 Meistaradeildarmessan

18:40 P. St. Germain - Arsenal

18:40 Basel - Ludogerec

18:40 Barcelona - Celtic

18:40 Man City - Bor. M'Gladbach

20:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 14. september

18:15 Meistaradeildarmessan

18:40 R. Madrid - Sp. Lissabon

18:40 Juventus - Sevilla

18:40 Club Brugge - Leicester

18:40 T. Hotspur - Monaco

20:45 Meistaradeildarmörkin

Dagar Íslands

8. september 1931:

Staðfest voru lög um notkun bifreiða. Hámarkshraði var hækkaður úr 18 í 25 kílómetra á klukkustund í þéttbýli og 40 km/klst utan þéttbýlis.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag:

Suðlæg eða breytileg átt og rigning með köflum. Hiti 5 til 12 stig.

Á sunnudag og mánudag:

Breytileg átt og víða vætusamt, einkum norðanlands. Hiti breytist lítið..

Krossgátan



				GLAPPA- SKOT	MESSING	ÁGÆTIS	Í RÖÐ		PREYTA	BELTI
				EINANGRUN						
				LANDS				MERGÐ		
								GÁLEYSI		
				POTA			GRASEY			
							LÆÐA			
				VELTA					SAMTÖK	
				ASI						
	↓	UMFANG	FLOTT				SVARI			
			RÓMVERSK TALA				STÖÐVUN			
HLUTVERK						SKYNFÆRI				HLAUP
						SAMBANDS- RÍKIS				
FOR- MÖÐIR					ÞURRKA ÚT				FITA	
					FISKA					
KRINGUM			SÁLDRA					DRYKKUR		
			GLJÁHÚÐ					LJÓMI		
TIL SAUMA				AF				GAUL		
								ANGAN		
FÆÐA				SMÁR						SNÍKJU- DÝR
				KASTA						
		FUGLA- HLJÓÐ				FARGA				
		BLÓÐVATN				KLIFUN				
UNG- DÓMUR					STEFNA				PESSA	
					VAÐA					
Í RÖÐ			ÍÐUKAST					ORLOF	KVEDJA	
			STEFNA						RANGL	
MORÐS						EFTIRRIT				
AFSPURN						KÁRNA				
BÓK				SLÁTRA						



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Lausn á síðustu krossgátu



	ILMEFNI	NIDUR- FELLING	VIÐLAG		FUGLA- HLJÓÐ	BÓMA	DUGLEGGUR				
	DANS	M	A	S	Ú	R	K	I			
	TÍÐUM	O	F	T	MÁL- EINING TRUFULA	O	R	Ð			
	SKARP- LEIKI	S	N	E	R	P	A	I			
	ÞUKLA	K	Á	F	A	TVEIR EINS VANGI	N	N			
	↓	VÍRUS	TVEIR	KRINGUM SKILABÓÐ	U	M	BIRTA SKJÓL- LAUS	S	K	I	N
HVÆS	H	V	I	S	S	KÚGUN TRYLLINGUR	O	K	I	LÁTINN	SLEMA
ÞVENGUR	R	E	I	M	HRÖPANDI FJÖLDI	Æ	P	A	N	D	I
FORFABIR	Á	I	SUBBI NÝLEGA	S	Ó	Ð	I	HÖLL- FISKUR GLYRNA	N	Á	L
ÖLDUR- HÚS	K	R	Á	MÁLMBÚÐA DRYKKJAR- ILÁT	T	I	N	A	Á FÆTI SKYNJA	I	L
EFLA	A	U	Ð	G	A	KLAUSTUR- BÚI SÓT	N	U	N	N	A
	D	HEILA NIDUR- LÆGJA	A <th>L <th>L <th>A <th>LITNINGAR ÞRÁÐA</th> <th>G <th>E <th>N <th>ÚT</th> </th></th></th></th></th></th>	L <th>L <th>A <th>LITNINGAR ÞRÁÐA</th> <th>G <th>E <th>N <th>ÚT</th> </th></th></th></th></th>	L <th>A <th>LITNINGAR ÞRÁÐA</th> <th>G <th>E <th>N <th>ÚT</th> </th></th></th></th>	A <th>LITNINGAR ÞRÁÐA</th> <th>G <th>E <th>N <th>ÚT</th> </th></th></th>	LITNINGAR ÞRÁÐA	G <th>E <th>N <th>ÚT</th> </th></th>	E <th>N <th>ÚT</th> </th>	N <th>ÚT</th>	ÚT
ÁNA	A	S	N	A	MÁLHEITI SVARA	S	T	A	M	ÞRAUT	I
RÓMVERSK TALA	L	M	SKAÐA EFNI	S	A	K	A	TÁL MÁLUR	A	G	N
RÉNUN	L	Á	T	BOLI TVEIR EINS	N	A	U	T	UTAN SKÓLI	Á	N
YNDIS	U	N	A	Ð	S	HAMINGJA	G	I	F	T	A
BLÓMI	R	A	U	Ð	A	ILMUR	A	N	G	A	N

Sudoku þrautir

		9	3	1		8	5	4
			5	6				
		5				7		
	3			9	8			
8	9	7		4	5	2		
1	6		7			9		
				2	5			9
	7			5				8
		8	9				3	6

				3			8	
3	7		5			1	6	9
4	2	6	9		1			
1		9				8	2	4
2				9				3
	3		4	6	2		1	
	4				5			8
	8	1	2	7			4	
		3		4	6	2	5	1



Mjólkurstöðin á Ísafirði.

Mjólkurvinnsla á Ísafirði á ný

Rúmlega fimm ár eru síðan MS hætti mjólkurvinnslu á Ísafirði en nú horfir svo við að mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík hefji vinnslu á ný í gömlu mjólkurstöðinni við Sindragötu á Ísafirði. Fasteigna- félagið Vivaldi Ísland ehf. hefur keypt húsið af MS, en félagið er í eigu Jóns von Tetzchner sem er meðal hluthafa í Örnun. Vivaldi Ísland mun leigja húsnæðið til Örnun. Að sögn Hálfdáns Óskars- sonar, framkvæmdastjóra Örnun, þýðir þetta ekki breytingar í mjólkurvinnslunni í Bol- ungurvík.

„Við förum í sérhæfðari vörur á Ísafirði og þá sérstaklega osta- gerð. Vivaldi fær húsið afhent í janúar og þá förum við að græja okkur,“ segir Hálfdán.

Hálfdán er gjörkunnugur húsinu en hann vann í mjólkur- stöðinni í um 20 ár. „Það er mjög gaman að geta farið af stað með vinnslu í húsinu sem á sér langa sögu sem mjólkurstöð en stöðin var byggð árið 1966.“

Hálfdán segir að reksturinn gangi vel þessi misserin og fyrir stuttu var bætt við fjórum

starfsmönnum og nú starfa 10 manns hjá Örnun.

MS hefur verið með dreifingarstöð í mjólkurstöð- inni síðan mjólkurvinnslu var hætt. Ný dreifingarstöð verður á Mávagarði, í húsi sem Vestfirskur verktakar vinna nú við að reisa.



Eiginmaður minn og faðir okkar
Guðmundur Hraunberg Egilsson
Bolungarvík er látinn



Útför hans fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 10. september kl. 14:00. Blóm og kransar afðakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Orgelsjóð Hólskirkju, reikningsnúmer: 0174-18-911908, kt. 630169-5269.
Helga Svana Ólafsdóttir og börn



Atvinna

Óskum að ráða starfsmann í hlutastarf við útkeyrslu og aðstoð í verslun að Skeiði 1 Ísafirði.
Uppl. í síma 456 4566

Þjónustuauglýsingar



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

BB

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Q10 plus

EYKUR ÞITT
NÁTTÚRULEGA
Q10 Í HÚÐINNI

ENDURHEIMTU 10 ÁRA
TAPAD MAGN AF Q10
Á AÐEINS TVEIM VIKUM

